

Fjárlaganefnd Alþingis

Reykjavík, 22. október 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til fiárlaga 2025 frá Fimleikasambandi Íslands

Afreksstarf í íþróttum á Íslandi, til framtíðar

Unnið hefur verið að bættri umgjörð afreksíþrótta á Íslandi í tvö ár og gríðarmikið starf liggur að baki þeirrar vinnu. Starfshópur á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis var skipaður í janúar 2023 um stöðu og réttindi afreksíþróttafólks og skilaði hópurinn skýrslu í apríl 2024 þar sem staðan í málaflokkinum var skýrð og margar tillögur voru settar fram um aðgerðir til að efla og styrkja afreksíþróttastarfið í landinu. Miklar væntingar eru af hálfu íþróttahreyfingarinnar um framgang þessara tillagna enda um umbyltingu að ræða í umgjörð afreksíþróttafólks á Íslandi. Markmiðið með þessari vinnu er að gera umgjörð um íslenskt afreksíþróttafólks sem næst sambærilega við það sem er hjá þjóðum sem viðberum okkur helst saman við.

Gerðar eru miklar kröfur til íþróttahreyfingarinnar um leið og allt rekstrarumhverfi hennar hefur orðið mun erfiðara. Erfitt reynist að ná endum saman og stórir rekstrarþættir í tengslum við þátttöku í mótum bæði innanlands og utanlands eru bugandi. Má þar nefna sérstaklega allan ferðakostnað og upphald. Erfiðara hefur verið að sækja stuðning við sérsamböndin úr atvinnulífinu. Launakostnaður hefur einnig stóraukist.

Fimleikasambandið hefur orðið í auknum mæli að stóla á fjáröflun þátttakenda og aðstandenda þeirra vegna þátttöku í landsliðsverkefnum, en með því skapast veruleg hættu á því að fjárhagur og búseta geti haft áhrif á möguleika íþróttafólks til þátttöku í afreksstarfi. En fjárhagsáætlun fimleikasambandsins gerir ráð fyrir um 19 milljón króna tapi á árinu 2024 og er sá raunveruleiki mjög þungur.

Stóð því sambandið frammi fyrir þeirri erfiðu ákvörðun, að þurfa að endurskoða þátttöku sína á Evrópumóti í hóp fimleikum. Sem er sannarlega miður fyrir íslenskar íþróttir, enda hafa keppendur með elju sinni og þrautsegju, skipað sér í hóp bestu íþróttmanna í Evrópu. Með framgöngu sinni hafa keppendur skapað sér nafn, verið mikilvægar fyrirmyndir og með stöðu sinni og öflugri framgöngu, skapað sér stöðu innan samfélagsins sem hefur skipt máli fyrir unga iðkendur sem og eldri afreksmenn.

Evrópumótið í hópfimleikum er ekki eina áskorunin sem Fimleikasambandið stendur fyrir, en faglegu starfi sambandsins, sem og innviðum þess er nú ógnað. Starfsmenn FSÍ sem starfa í þágu greinarinnar með það að markmiði að þjónusta alla þá sem að henni koma, þurfa nú frá að hverfa vegna bágrar fjárhagslegrar stöðu sambandsins. FSÍ er ekki samkeppnishæft þegar kemur að störfum innan íþróttahreyfingarinnar og sá tröppugangur sem verður að teljast eðlilegur þegar kemur að starfsframa og þróun í starfi, er ekki lengur til staðar því hagur starfsmann er vænlegri hjá félögunum sem geta boðið starfsfólki mun betri kjör.

Við verðum að tryggja að sérsamböndin í landinu geti starfað á faglegan hátt, verið samkeppnishæf og þannig boðið börnum í landinu þá þjónustu sem þeim hæfir. Íþróttir eiga að vera fyrir öll, við verðum að tryggja að þær séu ekki einungis í boði fyrir börn efnameiri foreldra. Á sama tíma verðum við að stöðva þá sorglegu þróun að landsliðsfólk Íslands sé líklegra til að tilheyra foreldrum sem höfðu ráð á að greiða fyrir landsliðsferðir. Fimleikasamband Íslands hefur sett sér markmið sem lýtur að því að vernda afreksstarf sambandsins, með því viljum við tryggja að ekki verði valið í landslið eftir efnahag foreldra.

Innviðir þriðja stærsta sérsambands á Íslandi eru laskaðir, eftir stendur samband sem er ekki samkeppnishæft og getur mögulega ekki tekið þátt í þeim afreksverkefnum sem eru á dagskrá á árinu.

Krafa er gerð um að íþróttahreyfingin fái þann stuðning sem rætt hefur verið um til að hægt verði að tryggja faglegt og gott afreksíþróttastarf í landinu. Til þess þarf stóraukið fjármagn til málaflöksins eins og kynnt hefur verið. Það væri mikill skaði fyrir hreyfinguna ef tímabundið ástand á Alþingi leiddi til þess að þessi áform verði að engu.

F.h. Fimleikasambands Íslands
Sólveig Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri